

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Kópavogsdalur. Æfingavöllur við Fífuna. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarráð Kópavogs í umboði bæjarstjórnar samþykkt 4. júlí 2024 breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals fyrir nýjan æfingavöll vestan Fífunnar við Dalsmára 5. Í breytingunni felst: upphitaður gervigrasvöllur á tyrft svæði, uppsetning fjögurra ljósamastra, girðing umhverfis völlinn ásamt því að heimilt byggingarmagn Fífunnar eykst úr 10.000 m² í 10.200 m² m.a. vegna nýrrar boltageymslu í norðvesturhorni knatthússins með aðgengi utanfrá. Þá er gerð breyting á legu bílplans, kvöð sett um gróður í mön og umhverfis völlinn ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir tæknirými að hámarki 45 m² við völlinn.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 29. júlí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júlí 2024